



Okkur vantar skólaliða. Vertu með í frábærum hóp!

Grunnskólinn í Þorlákshöfn leitar að skólaliða fyrir næsta skólaár en um er að ræða afleysingu í eitt skólaár. Ráðið verður í stöðuna frá og með 15. ágúst 2026.

Í skólanum eru um 290 nemendur og eru starfsmenn 70 talsins. Skólinn vinnur samkvæmt hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar og teymiskennslu auk þess sem unnið er að innleiðingu leiðsagnarnáms. Þá tekur skólinn þátt í verkefnum um Grænfána og Heilsueflandi skóla. Einkunnarorð skólans eru *vinátta, virðing og velgengni*.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans.

Um er að ræða 80-100% stöðu.

Helstu verkefni og ábyrgð skólaliða:

- Ræsting á skólahúsnæði.
- Almenn gæsla og aðstoð við nemendur.
- Gæsla í frímínútum og í mötuneyti skólans.

Hæfniskröfur:

- Áhugi á að starfa með börnum.
- Góð íslenskukunnátta.
- Reynsla af starfi með börnum er kostur.
- Þolinmæði og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Jákvæðni og áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi.
- Stundvísi og áreiðanleiki er skilyrði.

Laun eru skv. kjarasamningi FOSS og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Störfin eru í launadreifingu.

Umsóknarfrestur er til og með 8. maí 2026.

Nánari upplýsingar veita: Ólína Þorleifsdóttir, skólastjóri og Garðar Geirfinnsson, aðstoðarskólastjóri
olina@olfus.is / gardar@olfus.is.

Umsækjandi þarf að skila inn sakavottorði í samræmi við reglur sveitarfélagsins.
Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum heimasíðu Sveitarfélagsins Ölfuss.